

176

10. ágúst

**A U G L Ý S I N G**

um breyting á reglugerð nr. 106 6. júní 1945, um námskeið og próf í siglingafræði utan Reykjavíkur.

1. gr.

Í 2. grein reglugerðarinnar komi, í stað tölunnar 5, talan 10.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólan í Reykjavík, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að málí.

*Samgöngumálaráðuneytið, 10. ágúst 1950.*

**Ólafur Thors.**

---

*Brynj. Ingólfsson.*

177

11. ágúst

**A U G L Ý S I N G**

um breyting á jarðræktarsamþykkt fyrir Búnaðarfélag Aðaldæla frá 24. febr. 1947.

Fyrsta málsgrein 15. gr. orðist svo:

Búnaðarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupanna. Stofnfjárhæð hans er 140 000 — eitt hundrað og fjörutíu þúsund — krónur.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 11. ágúst 1950.*

F. h. r.

**Gunnlaugur E. Briem.**

---

*Arni G. Eylands.*

178

15. ágúst

**A U G L Ý S I N G**

breyting til bráðabirgða á gjaldskrá fyrir rafveitu á Hofsósi, nr. 97  
12. okt. 1932, sbr. auglýsingu nr. 12 23. jan. 1946.

1. gr.

Verð á raforku samkvæmt gildandi gjaldskrá rafveitunnar skal hækka um 50%.

2. gr.

Gjaldskrá rafveitunnar skal endurskoða fyrir 1. janúar 1951 og leita staðfestingar ráðuneytisins á ný.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 178  
2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til efturbreytni öllum 15. ágúst  
þeim, sem hlut eiga að mál.

*Atvinnumálaráðuneytið, 15. ágúst 1950.*

F. h. r.

**Gunnl. E. Briem.**

*Porv. K. Porsteinsson.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Einars Magnússonar 179  
og Matthildar Finnsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmála- 25. ágúst  
ráðherra 25. ágúst 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

## S K I P U L A G S S K R Á

**fyrir Minningarsjóð Einars Magnússonar og Matthildar Finnsdóttur.**

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöf hreppsþúa í Gerðahreppi að upphæð 600 kr.  
í peningum, til minningar um hjónin Einar Magnússon og Matthildi Finnsdóttur,  
kennara við barnaskólan í Gerðum í Garði í Gullbringusýslu, og nefnist Minningar-  
sjóður Einars Magnússonar og Matthildar Finnsdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 600 kr., sem um getur í 1. gr., ásamt vöxtum og öðru, sem  
honum kann að áskotnast á annan hátt.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtað á tryggan hátt undir umsjón nefndar, er skipa sóknar-  
presturinn á Útskálum, barnaskólastjórinn í Gerðaskóla, eða þess skóla, sem koma  
kynni í hans stað, og hrepptjórans í Gerðahreppi, og er sóknarpresturinn oddviti  
nefndarinnar og geymir skilríki sjóðsins.

4. gr.

Sjóðstofninn má aldrei skerða og skulu allir vextir lagðir við hann þangað til  
hann er orðinn 3000 kr. Eftir það skal  $\frac{1}{4}$  hluti árvaxtanna lagður við höfuðstól, en  
nefndin veita  $\frac{3}{4}$  hluta vaxtanna efnilegu barni, sem lokið hefur fullnaðarprófi í  
skólanum, til styrktar framhaldsnámi, og sitji að öðru jöfnu fyrir það barn, sem  
fátækara er.

5. gr.

Ef ár fellur úr, að styrkur sé veittur, má nefndin leggja saman fleiri en eins  
árs styrkvexti til að veita einu barna, og verði styrkurinn þá til fyllri nota. Eins má  
hún veita styrkinn fleiri börnum en einu, þegar sjóðurinn er orðinn það stór, að  
hún telur það geta komið að tilætluðum notum.

6. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins skal við hver árslok gera ársreikning hans og birta reikn-  
inginn á þann hátt, er nefndarmönnum kemur saman um.

Gerðum, 1940.

**Einar Magnússon.      Matthildur Finnsdóttir.**